

# Úthlutunarreglur fræðslusjóðs Hlífar

Sjóðurinn er eign Verkalýðsfélagsins Hlífar og er ætlað að styrkja þá félagsmenn sem sækja sér menntun á almennum fræðslumarkaði og starfa hjá sveitafélögum eða stofnunum sem styrktar eru af þeim og eru á félagssvæði Hlífar sem samkvæmt lögum félagsins Hafnarfjörður og Garðabær.

## Skilyrði fyrir umsókn vegna einstaklingsstyrkja og fjárhæðir:

- Félagsmaður sem unnið hefur í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 og greitt félagsgjöld á þeim tíma, á rétt á stuðningi til símenntunar/starfsnáms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum. Við ákvörðun fjárhæðar styrkja er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða.
- Félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða hærra gefur fulla styrkupp hæð.
- Félagsmaður sem hverfur frá vinnu vegna veikinda, heimiliástæðna eða af öðrum gildum ástæðum heldur rétti sínum til styrks í allt að 24 mánuði, enda komi starfsmaður aftur til starfa eftir starfshlé. Starfsmaður sem lætur af störfum vegna aldurs heldur áunnum réttindum í 24 mánuði eftir starfslok.
- Foreldrar í fæðingar- eða foreldraorlofi og atvinnulausir félagsmenn geta nýtt sér áunninn rétt skv. 1. gr. velji þeir að greiða félagsgjöld á tímabilinu. Unnin réttindi flytjast með félagsmönnum milli sjóða aðildarféлага ASÍ.
- Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um styrk vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1. mánuði.

## Fjárhæðir styrkja

### Starfstengt nám

Undir starfstengt nám fellur allt það nám sem tengist starfi félagsmanns og/eða styrkir stöðu hans á vinnumarkaði. Undir þennan styrkflokk falla einnig viðurkenndar áhugasviðsgreiningar, skólagjöld og efniskostnaður í framhaldsskóla, prófa- og skírteinisgjöld sem tengjast námi og starfslokum og starfstengd markþjálfun, að hámarki 12 tímar á almanaksári.

- Greitt er að hámarki 180.000.- á ári til einstaklings.
- Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár eiga rétt á styrk allt að kr. 390.000.- fyrir eitt samfellt námskeið.
- Ef nám telst mjög starfstengt er greitt allt að 90%.
- Starfstengdar náms- og kynnisferðir erlendis eru veittir á 3 ára fresti er 130.000.- þó ekki meira en nemur kostnaði. Félagsmaður sem hefur verið í 1 ár fær 50.000. Félagsmaður sem hefur verið í tvö ár fær 75.000.
- Styrkir til félagsmanna sem fara í starfstengdar náms- og kynnisferðir innanlands, skipulagðir af viðkomandi stofnun eru veittir á 2 ára fresti. Styrkurinn er að hámarki 40.000.-

### Aðrir styrkir

- Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um styrk vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1. mánuði.
- Tórstundanámi er styrkt að upphæð 30.000 en þó aldrei meira en 50% af reikningi

**Sótt er um alla styrki á mínum síðum – [mitt.hlif.is](http://mitt.hlif.is)**